



Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2024

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu fyrsta ársfjórðungs 2024 (1F24)

- Hagnaður af rekstri nam 5,4 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2024 (1F23: 6,2 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 9,8% á ársgrundvelli (1F23: 11,4%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 12,1 milljarði króna á fyrsta ársfjórðungi 2024 og drógust saman um 2,4% samanborið við 12,4 milljarða króna á 1F23.
- Vaxtamunur var 3,0% á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 3,2% á sama ársfjórðungi 2023.
- Hreinar þóknunatekjur lækkuðu um 5,0% samanborið við fyrsta ársfjórðung 2023 og námu samtals 3,3 milljörðum króna á fjórðungnum.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 236 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2024, samanborið við fjármagnstekjur að fjárhæð 538 milljónir króna á 1F23.
- Aðrar rekstrartekjur námu 1.098 milljónum króna en voru 43 milljónir á fyrsta ársfjórðungi 2023.
- Stjórnunarkostnaður nam 7,4 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2024, samanborið við 7,0 milljarða króna á 1F23, sem er 5,0% hækkun milli ára.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 44,9% á fjórðungnum, sem er í samræmi við afkomuspá bankans um kostnaðarhlutfall á bilinu 40–45% og nær fjárhagslegu markmiði bankans um að kostnaðarhlutfall sé lægra en 45%. Kostnaðarhlutfallið var 42,1% á 1F23.
- Virðisrýrnun nam 704 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2024 samanborið við virðisrýrnun um 675 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2023. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var 0,23 prósentustig á ársgrundvelli á fyrsta ársfjórðungi 2024 samanborið við 0,22 prósentustig á sama ársfjórðungi 2023.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 24,9 milljarða króna á fjórðungnum, eða um 2,0% frá fjórða ársfjórðungi og voru 1.248 milljarðar króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2024.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 28,9 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024 frá fjórða ársfjórðungi 2023, eða um 3,4%. Innlán frá viðskiptavinum námu 880 milljörðum króna í lok fjórðungsins.
- Eigið fé nam 215,7 milljörðum króna í lok ársfjórðungsins, samanborið við 224,7 milljarða króna í lok árs 2023.
- Eiginfjárhlutfall var 23,6% í lok fyrsta ársfjórðungs 2024, að meðtöldum hagnaði 1F24, samanborið við 25,3% í árslok 2023. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 19,9%, að meðtöldum hagnaði 1F24, samanborið við 21,4% í árslok 2023, sem er 420 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans um að vera með 100–300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila.



Lykiltölur

		1F24	4F23	3F23	2F23	1F23
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	5.417	6.228	6.007	6.139	6.211
	Arðsemi eigin fjár	9,8%	11,2%	11,0%	11,5%	11,4%
	Vaxtamanur (af heildareignum)	3,0%	2,9%	2,9%	3,2%	3,2%
	Kostnaðarhlutfall ^{1,2}	44,9%	42,7%	39,0%	42,6%	42,1%
	Áhættukostnaður útlána ³	0,23%	0,33%	0,19%	(0,40%)	0,22%
		31.3.24	31.12.23	30.9.23	30.6.23	31.3.23
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.248.295	1.223.426	1.210.499	1.237.758	1.218.999
	Eignir samtals, m.kr.	1.643.707	1.582.694	1.643.600	1.593.239	1.551.530
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.015.161	977.032	986.355	1.015.197	1.004.978
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	879.554	850.709	864.189	816.641	800.071
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	142%	144%	140%	152%	152%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ⁴	1,9%	1,8%	1,8%	1,7%	1,7%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	127%	124%	120%	119%	115%
	Lausafjárþekjuhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	190%	195%	247%	259%	171%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	215.718	224.693	219.694	215.524	210.385
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ⁵	19,9%	21,4%	20,9%	20,0%	19,9%
	Eiginfjárlutfall þáttar ⁵	20,9%	22,5%	21,9%	20,9%	20,8%
	Eiginfjárlutfall ⁵	23,6%	25,3%	24,6%	23,2%	23,2%
	Vogunarlutfall ⁵	12,6%	13,4%	12,7%	12,8%	12,9%
	MREL hlutfall ⁶	39,1%	41,3%	39,2%	38,4%	33,2%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskisliðir) / (heildarrekstrartekjur – einskisliðir).

2. Kostnaðarhlutfall á 2F23 undanskilur stjórnvaldssekt að upphæð 860 m.kr.

3. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýmunarsjóði.

4. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

5. Að meðtöldum 1F24 hagnaði fyrir 31.3.24, 3F23 hagnaði fyrir 30.9.23 og 1F23 hagnaði fyrir 31.3.23.

6. MREL hlutfallið er birt að meðtöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjárauka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Nýju ári fylgja jafnan bæði tækifæri og áskoranir og má segja að fyrsti ársfjórðungur hafi borið þess merki. Hátt vaxtaumhverfi og þrálát verðbólga hafa sett sitt mark á umræðuna og vísbendingar eru um samdrátt í einkaneyslu. Þá heldur sókn viðskiptavina í verðtrygð húsnæðislán áfram. Núverandi umhverfi er krefjandi fyrir fyrirtæki landsins en þrátt fyrir það er ekki að merkja mikla aukningu í vanskilum fyrirtækja á undanförunum mánuðum og eignagæði eru enn góð. Í lok apríl bárust loks fréttir af hjöðnun verðbólgu sem hefur ekki mælst jafn lág í rúm tvö ár. Hagnaður af rekstri Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi 2024 nam 5,4 milljörðum króna og var arðsemi eigin fjár 9,8% á ársgrundvelli sem er aðeins undir markmiðum bankans um að hlutfallið sé hærra en 10%. Kostnaðarhlutfall bankans á fjórðungnum var 44,9%, en markmið bankans er að hlutfallið sé lægra en 45%.

Skipulagi við lóð bankans við Kirkjusand, sem áður hósti höfuðstöðvar hans, er lokið og styttist því í að tekin verði skref í átt að frekari þéttingu byggðar á því eftirsóknarverða svæði. Bankinn hefur mikinn áhuga á að taka þátt í mikilvægum verkefnum líkt og borgarendurnýjun sem samfélagið nýtur góðs af.

Í byrjun apríl hækkaði alþjóðlega láns hæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings (S&P) láns hæfismat bankans í BBB+ úr BBB með vísan til dvínandi efnahagslegs ójafnvægis hér á landi. Ánægjulegt er að sjá að alþjóðlegu láns hæfismatsfyrirtækin kunni að meta stöðugan og stöndugan rekstur íslenskra banka. Í mars réðist bankinn í vel heppnaða útgáfa bankans á 300 milljón evra almennu skuldabréfi sem naut fjórfaldrar umfræftirspurnar og var seld til fjárfesta viðsvegar í Evrópu. Sú útgáfa fylgdi í kjölfar útgáfu bankans á grænum almennum skuldabréfum í norskum og sænskum krónum í janúar þar sem tilboð jafngiltu rúmlega þrefaldri umfræftirspurn. Framangreindu til viðbótar höfum við séð kjör á erlendum útgáfum bankans batna mjög á síðustu mánuðum.

Íslandsbanki kynnti nýlega áherslur bankans er snúa að fjárhagslegri heilsu. Í kynslóðamælingum sjáum við að allir aldurshópar hafa vaxandi áhyggjur af fjárhagslegri heilsu. Bankinn hefur um langt skeið verið leiðandi í fræðslu um fjármál og mun nú einblína enn frekar á fjárhagslega heilsu í gegnum þjónustu og vörubrún. Bankinn hefur það að markmiði að einfalda bankaðjónustu og valdefla viðskiptavinum sína í

fjármálum. Nýjar stafrænar vörur eru hluti af þeirri vegferð og sem dæmi geta viðskiptavinir nú greitt inn á lánin sín í appi og nýtt sér nýja reiknivél á vef bankans til að sjá áhrifin af umframgreiðslum.

Bankinn mun einnig einblína á aðrar hliðar heilsu – bæði líkamlega og andlega. Ný marabonskilaboð voru frumsýnd í lok aprilmánaðar en Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka er stærsta góðgerðarsöfnun ársins og fagnar í ár 40 ára afmæli. Í fyrra var metsöfnun þegar 200 milljónir söfnuðust til góðgerðafélaga og hefur í heildina safnast 1,5 milljarður frá upphafi. Við erum afar stolt af tengingu bankans við þennan viðburð og við munum kynna maraþonið af miklum krafti og höfum fengið til liðs við okkur Friðu Bjarnadóttur, fyrstu konuna sem hljóp maraþon á Íslandi. Andlega heilsan endurspeglast í mannauðsstefnu bankans þar sem við leggjum áherslu á að bjóða besta vinnustaðinn til vaxtar. Við leggjum mikla áherslu á fjölskylduvænan og nútímalegan vinnustað þar sem starfsánægja mælist há.

Helstu atriði úr rekstri á fyrsta ársfjórðungi 2024 (1F24)

- Bankinn hélt áfram endurkaupum á eigin bréfum á fyrsta ársfjórðungi og keypti bankinn alls 14,6 milljónir hluta, sem samsvarar 0,73% af útgefnu hlutafé á fjórðungnum. Kaupverðið fyrir eigin hluti á fjórðungnum nam 1,7 milljörðum króna. Samhliða birtingu á ársuppgjöri tilkynnti bankinn um áform sín um endurkaup að andvirði 10 milljarða króna til viðbótar.
- Aðalfundur Íslandsbanka var haldinn 21. mars 2024. Fundurinn samþykkti meðal annars bæði arðgreiðslu að fjárhæð 12,3 milljarðar króna, sem nemur 6,26 krónum á hlut, og endurnýjun á heimild bankans til að kaupa allt að 10% af útgefnu hlutafé í bankanum.
- Seðlabanki Íslands gerði ekki breytingar á stýrivöxtum á fjórðungnum og voru þeir 9,25% á tímabilinu. Íslandsbanki gerði hóflegar breytingar á vöxtum á sama tímabili, bæði að því er varðar útlán og innlán. Næsta stýrivaxtaákvörðun liggur fyrir 8. maí næstkomandi.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Íslandsbanki hélt framkvæmd 5 milljarða króna endurkaupaáætlunar sinnar áfram eftir að ársfjórðungnum lauk. Tilkynnt var um nýja umferð endurkaupa þann 22. mars 2024. Markmiðið er að kaupa að hámarki 10 milljón hluti, sem jafngildir 0,50% af útgefnu hlutafé bankans. Kaupverðið í umferðinni skal þó ekki vera hærra en 1.000.000.000 krónur í heild. Frá upphafi árs 2024 og fram til 26. apríl hafði bankinn keypt 18 milljón eigin bréf og greitt fyrir þau samtals 2 milljarða.
- Eftir að fyrsta ársfjórðungi lauk tilkynnti S&P um hækkun á lánshæfismati bankans úr BBB í BBB+ vegna dvínandi efnahagslegs ójafnvægis. Jafnframt var skammtímaeinkunn bankans, A-2, staðfest. Horfur eru stöðugar.
- Seðlabanki Íslands tilkynnti þann 4. apríl að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefði ákveðið á aukafundi sínum að hækka fasta bindiskyldu lánastofnana úr 2% í 3% af bindigrunni. Breytingin tók gildi 21. apríl síðastliðinn. Hækkunin leiðir til þess að bankanum verður gert að eiga hærri fjárhæðir á vaxtalausum reikningi hjá Seðlabankanum, sem leiðir til lægri ávöxtunar á lausafjársafni bankans. Áhrif þessara nýlegru breytinga eru talin vera rúmlega 900 milljónir króna á ársgrundvelli, miðað við núverandi vaxtaumhverfi.

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstur og afkomu félagsins má finna í fullri enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar sem finna má í viðhengi (íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjörsins, fjárfestafund og fjárhagsdagatal). Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir [enska útgáfan](#).

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.



FJÁRFESTATENGL

Vefstreymi föstudaginn 3. maí 2024

Íslandsbanki mun halda afkomufund/vefstreymi föstudaginn 3. maí 2024 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka af fundinum verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að bera fram skriflegar spurningar, fer fram á [bessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [bessari síðu](#). Að skráningu lokinni færðu afhent símanúmer og auðkenni fyrir fundinn. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka í gegnum netfangið ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er á að birta árshlutauppgjör í samræmi við neðangreint:

25. júlí 2024 - Árshlutauppgjör 2F24

23. október 2024 - Árshlutauppgjör 3F24

Vinsamlegast athugið að dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögul tímabil eru einnig aðgengilegar.